



# Munnleg hefð

Daníel Freyr Jónsson

# Hugmyndir um munnlega geymd áður fyrr

Sagnfestukenning, en fylgjendur hennar telja sögurnar vera sannorðar frásagnir sem gengið hafa frá manni til manns þangað til þær voru skrásettar.

Bókfestukenning, en skv. henni eru sögurnar verk höfunda sem styðjast við munnmæli, eigið ímyndunarafl og e.t.v. aðrar heimildir.

# Vladimir Propp

- Rússneskur þjóðfræðingur sem setur fram kenning um uppbyggingu frásagna 1928.
- Skoðaði uppbyggingu hundraða þjóðsagna (rússneskra) og setti fram kenning um að 31 frásagnareining væri til og að allar sögur væru settar saman úr þessum einingum, mismunandi einingar væru notaðar (aldrei allar í einu) en þær kæmu almennt fyrir í sömu röð.
  1. *Absentation*
  2. *Interdiction*
  - ... nei þær verða ekki allar taldar upp. Gúglið þetta bara.
- Greindi einnig sjö tegundir af persónum sem kæmu fyrir í sögunum.
  1. *The villain*
  2. *The dispatcher*
  3. *The helper*
  4. *The princess or prize, and often her father*
  5. *The donor*
  6. *The hero*
  7. *The false hero*

# Propp's theory of narrative composition

---

Kenning Propp um uppbyggingu frásagna er í einföldu máli þessi:

**Einingar:** 31 frásagnareining sem allar sögur eru settar saman úr. Dæmi: Óvinurinn setur fram falska ásökun, hetjan fær hlut sem býr yfir yfirláttúlegum eiginleikum, prófraun hetjunnar.

**Persónugerðir:** Sjö persónugerðir sem skilgreinast af hlutverki en ekki persónuleika, sjá fyrri glæru.

**Uppbygging frásagnarinnar:** Þessar frásagnareiningar koma fyrir skv. ákveðinni formgerð, þ.e. þó allar einingar séu ekki í hverri sögu koma þær yfirleitt í ákveðinni röð. Frásagnir eru mjög formfastar (formúlukenndar).

**Umbreyting:** Skv. kenning Propps geta aðstæður og persónur breyst eftir því sem líður á frásögnina, óvinur getur breyst í fórnarlamb og hetjan getur tekið miklum breytingum.

**Frásagnarhlutar:** Frásagnareiningarnar raðast saman í mismunandi frásagnarhluta. Sumt gerist t.d. bara í kynningu sögunnar eða brottför hetjunnar, ferð hetjunnar eða endurkomu hetjunnar.

**Einingar og persónugerðir:** Kenning Propp greinir á milli þessa, þ.e. það þurfa ekki alltaf sömu persónugerðir að framkvæma sömu einingar. Þannig gefur kenningin mikið svigrúm til að skoða frásagnir.

# Milman Parry og Albert Bates Lord

---

Formfestukenningin er sett fram af Milman Parry út frá rannsóknum hans á Hómerskviðum og flutningi þeirra. Albert Bates Lord þróar kenninguna áfram út frá rannsókn á lifandi kvæðahefð á Balkanskaga. Kenningin reynir að útskýra hvernig sögur og kvæði geymast í munnlegri geymd og berast þannig milli kynslóða.

## **Formfestukenningin:**

- að sögurnar byggi á formföstum munnmælum, frösum og mynstrum, svokölluðum minnum eða jörmum (jarm=meme). Þau eru uppistaða í því sem sagt er.
- Formfestukenningin gerir ráð fyrir að sögur séu samsettar úr sömu frásagnareiningum sem birtast aftur og aftur í mörgum sögum, e.t.v. með mismunandi hætti, þ.e. þær séu byggðar á formúlu.

# Theory of oral-formulaic composition

---

- Í samfélögum þar sem rithefð var lítil og stór hluti fólks ólæs og óskrifandi var eina leiðin til að *varðveita sögur og þekkingu að leggja þær á minnið*.
- Helsta aðferðin til þess var að *formúlubinda* efnið sem þýðir að ákveðið orðalag er síendurtekið í mörgum sögum og sömu minni koma fyrir aftur og aftur. Þannig var *hægt að leggja jafnvel mjög langar frásagnir á minnið* án þess að styðjast við ritaðan texta.
- Hlutverk sögu- eða kvæðamannsins felst þannig ekki einungis í því að þekkja eða kunna sögurnar og kvæðin heldur í að *kunna aðferðirnar og formúlurnar* til að muna þær og flytja þær. Þetta er almennt ómeðvituð þekking sem lærist með reynslu frá eldri kynslóðum eða öðrum sögu- eða kvæðamönnum.
- Það þýðir að *sögurnar próast* eftir því sem tíminn líður og samfélögin breytast en *þær breytingar eru mjög hægar*.
- Þannig verða til *fleiri en ein útgáfa af sömu sögum*, ný minni bætast við og önnur falla út. Þegar farið er að safna sögunum saman og skrifa þær niður festast þær í ákveðinni mynd sem þær hafa haft á ritunartímanum og hætta að breytast.

# Hugmyndir um munnlega hefð nú á dögum

Munnleg samskipti eru og hafa verið aðal tjáningarmáti mannkyns.

Frásagnir byggja ekki einungis á formúlum, minnum og jörmum, heldur einnig framlagi hvers sögumanns fyrir sig.

Frásagnareiningarnar og frásagnarhlutarnir, formúlurnar, minnin og jörmin geta verið mjög mismunandi frá einu menningarsvæði til annars.

Sögunaðurinn leggur alltaf eitthvað til frá eigin brjósti og það er misjafnt eftir aðstæðum hvernig það er. Sú sem segir skrásetjara sögu segir aðra sögu en ef hún væri að segja söguna á skemmtun.

Ritmenning hefur haft víðtæk áhrif á munnlega hefð og hvernig sögur eru sagðar en ritmenning er einnig mismunandi milli menningarsvæða.

Niðurstaða: Formfestukenningin er grunnur en ekki algildur sannleikur.